



## Dánartíðni og dánarmein 2018

Nýverið voru [tölulegar upplýsingar um dánartíðni og dánarmein](#) landsmanna uppfærðar og gefnar út á vef embættis landlæknis. Nýjustu tölur eru fyrir árið 2018. eru tölurnar unnar upp úr dánarmeinaskrá sem er ein þeirra heilbrigðisskráa sem landlækni ber [lögum](#) samkvæmt að halda. Byggir skráin á dánarvottorðum þar sem tilgreindir eru sjúkdómar, áverkar og kringumstæður sem valdið hafa dauða einstaklinga með lögheimili á Íslandi. Skráin er að fullu rafræn aftur til ársins 1996 og síðan þá hafa dánarmein verið skráð samkvæmt 10. útgáfu alþjóðlegrar tölfræðiflokkunar sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (ICD-10).

### Heildardánartíðni

Fjöldi látinna með lögheimili á Íslandi árið 2018 var 2.252, 1.137 karlar og 1.115 konur. Heildardánartíðni árið 2018 var 638,5 látnir á hverja 100.000 íbúa.

Þar sem heildarfjöldi dauðsfalla og hlutfall einstakra dánarsaka er nátengt aldursamsetningu mannfjöldans er svokölluð aldursstöðluð dánartíðni gjarnan reiknuð. Sá mælikvarði er notaður þegar gera á samanburð yfir tíma eða milli ólíkra hópa (t.d. landa eða svæða). Í birtri tölfræði er dánartíðni aldursstöðluð á hverja 100.000 íbúa miðað við tiltekið staðalþýði, í þessu tilfelli meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014.


Dánartíðni sem hefur verið stöðluð á þennan hátt leiðréttir þann mun sem er tilkominn vegna ólíkrar aldursamsetningar frá einum tíma til annars eða á milli hópa. Aldursstöðluð dánartíðni hefur farið lækandi á Íslandi frá árinu 1996, bæði hjá körlum og konum (mynd 1). Hefur dánartíðni karla lækkað um tæplega 35% síðan 1996 og kvenna um 24%.

### Dánartíðni eftir dánarsökum

Hægt er að flokka dánarmein með ýmsum hætti en á vef landlæknis er m.a. að finna tölulegar upplýsingar um dánarmein samkvæmt [3ja stafa flokkun](#)

[ICD-10](#), flokkun [evrópsks stuttlista](#) auk [samantektar tíu valinna dánarsaka](#).

Af þeim tíu völdu dánarsökum sem sérstaklega er gerð grein fyrir á vef landlæknis var aldursstöðluð dánartíðni karla á 100.000 íbúa hæst í flokki illkynja æxla árið 2018 (179,7) en þar á eftir kom dánartíðni vegna hjartasjúkdóma (159,4) og Alheimers sjúkdóms (43,5). Á þessu hefur orðið breyting undanfarna áratugi því aldursstöðluð dánartíðni meðal karla var lengi vel hæst í flokki hjartasjúkdóma en næsthæst í flokki illkynja æxla. Eins og hjá körlum var aldursstöðluð dánartíðni kvenna á



Mynd 1. Aldursstöðluð dánartíðni á 100.000 íbúa 1996-2018.

Efni:

Dánartíðni og dánarmein 2018

bls.

1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.  
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Rauðarárstígur 10  
105 Reykjavík  
Sími 510 1900  
Bréfasími 510 1919  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is



13. árgangur. 7. tölublað. Ágúst 2019

100.000 íbúa hæst í flokki illkynja æxla árið 2018 (148,9) og næsthæst í flokki hjartasjúkdóma (91,9). Þar á eftir kom dánartíðni vegna Alzheimers sjúkdóms (60,1). Illkynja æxli hafa um langt árabil verið algengasta dánarmein kvenna á Íslandi.

### Illkynja æxli, hjartasjúkdómar og heilæðasjúkdómar


Nokkur kynjamunur er á aldursstaðlaðri dánartíðni vegna hjartasjúkdóma (*ICD-10 kóðar: I00-I09, I11, I13, I20-I25, I30-I33, I39-I52*) en talsvert fleiri karlmenn deyja af þeirra völdum heldur en konur (mynd 2). Þrátt fyrir það þá hefur aldursstöðluð dánartíðni hjartasjúkdóma dregist verulega saman frá árinu 1996 og á það bæði við um karla og konur, um tæplega 55% hjá körlum og 46% hjá konum. Nánari umfjöllun um faraldsfræði kransæðasjúkdóma á Íslandi, þ.m.t. dánartíðni má finna í [Læknaþögninni](#).

Aldursstöðluð dánartíðni vegna illkynja æxla (*ICD-10 kóðar: C00-C97*) hefur einnig lækkað allmikið hjá báðum kynjum frá árinu 1996 (mynd 2). Dánartíðnin er nokkru hærri hjá körlum umrætt tímabil þó að heldur hafi dregið saman með kynjunum með tímanum. Nánari upplýsingar um tölfræði krabbameina á Íslandi, þ.m.t. dánartíðni má finna á vef [Krabbameinsfélagsins](#).


Aldursstöðluð dánartíðni vegna sjúkdóma í heilæðum (*ICD-10 kóðar: I60-I69*) er mjög svipuð hjá konum og körlum og hefur lækkað álíka mikið hjá báðum kynjum frá árinu 1996 (mynd 2).

### Alzheimers sjúkdómur

Mikil breyting hefur orðið á dánartíðni Alzheimers sjúkdómsins (*ICD-10 kóði: G30*) undanfarna áratugi. Þannig var sjúkdómurinn undirbyggjandi dánarorsök hjá 12 einstaklingum árið 1996 en í fyrra létust 192 einstaklingar með lögheimili á



Mynd 2. Aldursstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna illkynja æxla, hjartasjúkdóma og heilæðasjúkdóma, 1996-2018.



Mynd 3. Aldursstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna Alzheimers sjúkdóms, 1996-2018.

Íslandi úr Alzheimers. Aldursstöðluð dánartíðni sjúkdómsins var 53,5 á hverja 100.000 íbúa árið 2018 í samanburði við 5,6 árið 1996. Hefur aldursstöðluð dánartíðni breyst mikið hjá bæði konum og körlum á fyrrnefndu tímabili. Hjá konum jókst dánartíðnin úr 6,8 í 60,1 á hverjar 100.000 konur en hjá körlum úr 3,4 í 43,5 á hverja 100.000 karla. Samþæringlega aukningu má sjá hjá öðrum þjóðum. Þessa aukningu í dánartíðni af völdum Alzheimers má að einhverju leyti skýra með breytingum á skráningu dauðsfalla, þ.e. að Alzheimers er í auknum mæli skráð sem dánarorsök á dánarvottorði í stað fylgikvilla á borð við lungnabólgu. Þá er, án efa, einhver

raunveruleg aukning tilkomin vegna hækkandi lífaldurs þar sem sjúkdómurinn er líklegri til að leggjast á fólk með hækkandi aldri. Líkt og [Hagstofan](#) hefur bent á þá varð 11% hlutfallsleg fjölgun látinna á aldrinum 85 ára og eldri á tímabilinu 1998-2017.

### Sjálfsvíg


Sjálfsvíg (*ICD-10 kóði: X60-X84*) eru fremur fátíð miðað við stærstu flokka dánarorsaka og þar sem þjóðin er fá-menn þá valda litlar breytingar á fjölda sjálfsvíga óhjákvæmilega nokkrum sveiflum í dánartíðni. Vegna þessa er mikilvægt að túlka tölur einstakra ára af varúð enda getur verið um tilviljana-



13. árgangur. 7. tölublað. Ágúst 2019

kennda sveiflu að ræða. Til þess að jafna sveiflur milli ára og draga fram langtímaþróun í tíðni sjálfsvíga getur verið heppilegra að notast við meðaltöl nokkurra ára heldur en tíðni hvers árs. Til þess að mæta þörf fyrir tölulegar upplýsingar um sjálfsvíg er nú að finna [sérstaka umfjöllun](#) á vef landlæknis þar að lútandi auk þess sem þar er einnig sérstaklega gerð grein fyrir [lyfja-tengdum andlátum](#). Á þessum vefsíðum eru því gerð ítarleg skil hvernig gögn dánarmeinaskrár eru afmörkuð þegar fyrrnefndar dánarorsakir eru annars vegar auk þess sem gögn um sjálfsvíg og lyfjatengd andlát eru greind eftir kyni, aldurshópum og fimm og tíu ára meðalfjöldi gefinn upp.

Síðastliðinn áratug hefur árlegur fjöldi sjálfsvíga verið á bilinu 27–49, að meðaltali 39 á ári og aldersstöðluð dánartíðni um 12 á hverja 100.000 íbúa (mynd 4). Sé litið til tíu ára þar á undan voru sjálfsvíg að meðaltali 35 á ári eða um 12 á hverja 100.000 íbúa (aldursstaðlað). Vegna þess hve tölur um sjálfsvíg eru lágar þurfa miklar sveiflur að verða til þess að hægt sé að staðhæfa



Mynd 4. Aldursstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna sjálfsvíga, 1996–2018.

að um marktæka breytingu sé að ræða. Ekki er hægt að fullyrða með vissu að breyting hafi orðið á heildardánartíðni vegna sjálfsvíga undanfarna tvo áratugi.

Sjálfsvíg eru að jafnaði tíðari meðal karla heldur en kvenna. Á síðustu tíu árum voru að meðaltali 31 sjálfsvíg árlega hjá körlum og 8 hjá konum. Það samsvarar því að um 19 karlmenn af hverjum 100.000 hafi látist vegna sjálfsvíga á þessu tíu ára tímabili og um 5 af hverjum 100.000 konum.

### Niðurlag

Tölfræði um dánarorsakir er birt árlega, að öllu jöfnu á vormánuðum, eftir að skráningu og kóðun vottorða undan-gengins árs er lokið auk viðeigandi gæðaprófana. Birt efni má nálgast á [vef embættis landlæknis](#).

*Hildur Björk Sigbjörnsdóttir  
Jón Óskar Guðlaugsson*